

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 300 en starfsmenn allir kringum 650. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 22. TBL.

8. FEBRÚAR 2008

Fagfundir kennara á mánudag í Víðistaðaskóla

Næsta mánudag, 11. febrúar kl. 14.30 eru kennarar í Hafnarfirði boðaðir til fagfunda í Víðistaðaskóla. Þetta er síðari fagfundardagurinn í vetur.

Fagfundurinn nú hefst á stuttri sameiginlegri kynningu fyrir allan hópinn en síðan er farið í faghópana sem eru um 20. Á kynningunni verður stutt umfjöllun um bráðgera og hæfileikaríka nemendur (sjá hér neðar). Í faghópunum eftir kynninguna munu kennarar ræða málefni sem snúa að daglegum störfum þeirra eftir ákvörðunum innan hvers faghóps. Þau viðfangsefni sem lögð eru til grund-

vallar er (1) umræða um bráðgera og hæfileikaríka nemendur, (2) nýtt kennsluefni og (3) notkun vefjarins í kennslu.

Það er stjórn Félags grunnskólakennara í Hafnarfirði (FGH) og Skólaskrifstofan sem

undirbúa fagfundinn. Markmið hans er að gefa kennurum í Hafnarfirði tækifæri til að hittast og ræða saman fagleg málefni.



Frá faghópi náttúrufræðikennara á síðasta fagfundi í Áslandsskóla í október 2007.

Bráðgerir og hæfileikaríkir nemendur


Bráðgerir og hæfileikaríkir (á ensku: talented and gifted) nemendur eru gjarnan sagðir hafa orðið útundan í umræðu og skipulagi skólastarfs. Í því hefur falist að námskrár taki mið af meðalnemanda og þeir sem ekki ná að fylgja meðalnámsskrá fái sérstakan stuðning, sem oftast nær er nefnd sérkennsla. Þá eru ótaldir þeir nemendur sem eru mjög duglegir og þurfa meira en meðalnemandinn. Hvað er gert fyrir þá nemendur sem eru duglegir? Umræða um það hefur ekki verið mikil á Íslandi og ræðst það kannski af fámenni miðað við umræðu í öðrum vestrænum samfél-

ögum.

Á fagfundi kennara á mánudag er ætlunin að opna umræðuna um viðfangsefnið og spyrja nokkurra spurninga: Er margir nemendur sem ætla má að falli undir skilgreiningu að vera bráðgerir og/eða hæfileikaríkir (eða hvaða nafngift sem nota má um þá nemendur sem skara fram úr)? Hvernig birtast þeir kennurum í daglegu skólastarfi? Hvað gerum við í dag til að mæta þörfum þeirra? Ætti að vera sérstök stefna hjá bæjaryfirvöldum/skólum um málefni hæfileikaríkra og bráðgera nemenda til að mæta betur þörfum þeirra en nú er gert? Eða eru mál þessara nemenda í góðum farvegi í skólum í dag?

Skólaþróun

Umræðan verður á mánudag og þá kemur í ljós hvort frekari umræða fer fram um málefnið síðar.





FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 4. febrúar
154. fundur:

- Lagt fram bréf menntamála-ráðuneytis um samræmda prófdaga í 4. og 7. bekk haustið 2008.
- Lagt fram bréf Guðríðar Óskarsdóttur, skólastjóra Setbergsskóla, þar sem hún hyggst hætta störfum að loknu skólaárinu.
- Lögð fram samantekt á rekstrarkostnaði leik- og grunnskóla í Hafnarfirði.
- Áframhaldandi umræða um reglur fræðsluráðs um viðurkenningar fyrir farsælt skólastarf.
- Lagt fram yfirlit yfir stöðu í starfsmannamálum í leik- og grunnskólum.
- Umræðu um endurskoðun skólastefnu Hafnarfjarðar.
- Samþykkt að hækka árlegan styrk til forystuskóla í kr. 600.000 á önn.

Tilkynning vikunnar

Í námskeiðsbæklingi vorannar er námskeið 408, **Kennsla í námshópum með tvítyngdum nemendum**, er sagt byrja mánudaginn 11. febrúar. Námskeiðið frestast um viku vegna fagfundar kennara á mánudag. Það verður nánar kynnt í tölvupósti til kennara.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Nýtt frá Námsgagnastofnun: **Kennsluþing hugmyndabanki** er nýtt efni fyrir kennara um ýmsa möguleika til að kenna nemendum gildi peninga og tengist námsefninu *Einingu*. 18 síður og má nálgast hér: <http://www.namsgagnastofnun.is/eining/hugmyndabanki.pdf>. Hljóðbók við samnefnda kennslubók **Tænk** er komin út fyrir kennslu í dönsku.
- » Nýtt efni er komið inn á Umferðarvefinn, þ.e. leikir fyrir yngstu nemendurna. Vefslóðin er: <http://www.umferd.is/>.
- » Föstudagur 22. febrúar er sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla í Hafnarfirði. Það felur í sér að leik- og grunnskólar bæjarins eru ekki opnir fyrir nemendur. Engin sameiginleg dagskrá er fyrir skólana.



Frá samráðsfundi starfsfólks leik- og grunnskóla á Skólaskrifstofu fyrir stuttu.

Málrækt og Stóra upplestarkeppnin

Ein nýlegra greina í Netlu, vef tímariti KHI, er eftir Baldur Sigurðsson, prófessor í KHÍ sem nefnist **Málrækt er mannrækt**. Þar fjallar hann um opinbera málstefnu á Íslandi og hvernig hún tengist Stóru upplestrarkeppninni. Greinin kynnir ítarlega tilurð og framkvæmd keppinnar en hún hófst í Hafnarfirði skólaárið 1996-1997 og hefur síðan borist um allt land sem eitt farsælasta þróunarverkefnið í


íslenskum skólum á seinni árum. Það finnst varla sá skóli sem ekki tekur þátt í keppninni í dag og á flestum stöðum er keppnin skemmtileg hátíð í hverjum skóla og nærsamfélagi. Greinin lýsir einnig hvernig hún tengist markmiðum um framburð og tjáningu á íslenskri tungu og hvernig stuðlað skuli að eflingu hennar meðal ungs fólks. Rannsókn hefur verið gerð á áhrifum Stóru upplestar-

keppinnar og helstu niðurstöður hennar eru kynntar í grein Baldurs.

Áhugaverð grein fyrir alla sem vilja efla veg íslenskrar tungu meðal ungs fólks og um hlut Stóru upplestrarkeppinnar í því samhengi.

Fræðiefnið

Netla



Veftímarit um uppeldi og menntun
Kennaraháskóli Íslands

VEFSLÓÐ: <http://netla.khi.is/greinar/2007/017/index.htm>

Námskeið(stímar) í næstu viku

miðvikudagur 13. febrúar

- Námskeið 301: **Grunnnámskeið í myndvinnslu** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17 (1. tími). **FELLUR NIÐUR**.
- Námskeið 405: **Ritunarkennsla og námsmat ritunar í unglingakennslu** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17 (2. tími).

fimmtudagur 14. febrúar

- Námskeið 206: **Verkefnisstjórn forystuskóla** á Skólaskrifstofunni, kl. 13.30-16, 2. hæð (3. tími).

föstudagur 15. febrúar

- Námskeið 406: **Nýjungar í sundkennslu – sundgreinarnar** í Sundhöll Hafnarfjarðar kl. 14.30-15.30 (1. tími).
- Námskeið 408: **LOGOS lestrargreining í grunnskólum** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 9-16 (Fyrri dagur).

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
15. febrúar 2008